

Svar

**utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur
og Birni Leví Gunnarssyni um skrifleg svör ráðherra
við fyrirspurnum frá alþingismönnum.**

1. *Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjálavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Fyrirspurnir eru skráðar í málaskrá ráðuneytisins á málalykil 02.01.04 Fyrirspurnir frá alþingismönnum og skráð tímamörk vegna svars í málsskjal. Laga- og stjórnsýsluskrifstofa sér um miðlæga deilingu og úthlutun verkefna vegna svörunar til fagskrifstofa innan ráðuneytis. Þegar drög svars liggja fyrir er það lagt fyrir ráðuneytisstjóra og ráðherra til samþykktar. Laga- og stjórnsýsluskrifstofa sendir endanlegt svar til Alþingis, að undangengnu samþykki.

2. *Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*
3. *Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Sjá umfjöllun undir 1. tölul. fyrirspurnarinnar. Laga- og stjórnsýsluskrifstofa hefur miðlægt hlutverk við miðlun, ferli og öflun samþykkis svara vegna fyrirspurna, ásamt sendingu til Alþingis. Í meðfylgjandi yfirlitum kemur fram fjöldi daga frá móttöku fyrirspurnar þar til hún var send Alþingi. Utanríkisráðuneyti heldur almennt utan um og skráir í svörum þann tímafjölda sem áætlað er að hafi tekið að vinna svarið. Ekki er haldið sérstaklega utan um vinnustundir við hvert skref ferlisins, samantekt upplýsinga, vinnslu svars, yfirlestur og samþykkisferli, enda mjög misjafnt hve umfangsmikil vinna liggur að baki og hvort upplýsingar eru fyrirliggjandi eða þarf að kalla eftir þeim.

Á 151. löggjafarþingi liðu að jafnaði 49,8 dagar frá því að fyrirspurn barst ráðuneytinu þar til svar ráðuneytisins var sent til Alþingis. Fyrirspurnir voru 18 talsins.

Á 152. löggjafarþingi liðu að jafnaði 30,4 dagar frá því að fyrirspurn barst ráðuneytinu þar til svar ráðuneytisins var sent til Alþingis. Fyrirspurnir voru 14 talsins.

Á 153. löggjafarþingi liðu að jafnaði 23 dagar frá því að fyrirspurn barst ráðuneytinu þar til svar ráðuneytisins var sent til Alþingis. Fyrirspurnir voru 27 talsins.

151. löggjafarþing

Fyrirspyrjandi	Fyrirspurn móttækin	Svar sent Alþingi	Dagafjöldi	Vinnu- stundir
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	07.07.2021	16.09.2021	49	1
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	07.07.2021	17.09.2021	50	6
Þorsteinn B. Sæmundsson	04.06.2021	03.09.2021	63	6
Gunnar Bragi Sveinsson	04.06.2021	17.09.2021	73	8
Sigríður Á. Andersen	20.05.2021	16.09.2021	82	6
Andrés Ingi Jónsson	11.05.2021	03.09.2021	79	3
Björn Levi Gunnarsson	29.03.2021	17.09.2021	116	15
Gunnar Bragi Sveinsson	26.03.2021	17.09.2021	117	óskráð
Sigurður Páll Jónsson	26.03.2021	10.05.2021	27	2
Björn Levi Gunnarsson	12.03.2021	04.06.2021	54	8
Guðjón S. Brjánsson	25.02.2021	27.04.2021	39	2
Birgir Þórarinnsson	03.02.2021	24.02.2021	15	3
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	21.12.2020	03.02.2021	29	5
Andrés Ingi Jónsson	16.12.2020	03.02.2021	32	6
Andrés Ingi Jónsson	19.11.2020	21.12.2020	22	4
Þorsteinn Sæmundsson	16.11.2020	17.12.2020	23	3
Inga Sæland	06.11.2020	04.12.2020	20	4
Rósa Björk Brynjólfsdóttir	08.10.2020	20.10.2020	8	3

152. löggjafarþing

Fyrirspyrjandi	Fyrirspurn móttækin	Svar sent Alþingi	Dagafjöldi	Vinnu- stundir
Erna Bjarnadóttir	02.05.2022	23.05.2022	15	4
Björn Levi Gunnarsson	27.04.2022	31.05.2022	23	3
Diljá Mist Einarsdóttir	13.04.2022	10.06.2022	36	óskráð
Andrés Ingi Jónsson	07.04.2022	03.05.2022	14	1,5
Hilda Jana Gísladóttir	04.04.2022	18.05.2022	29	4
Jóhann Páll Jóhannsson	29.03.2022	01.04.2022	3	1
Rósa Björk Brynjólfsdóttir	08.03.2022	23.05.2022	51	1,5
Andrés Ingi Jónsson	03.03.2022	04.04.2022	22	5
Inga Sæland	03.03.2022	06.04.2022	24	5
Halla Signý Kristjánsdóttir	22.02.2022	17.05.2022	56	3
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	11.02.2022	11.07.2022	99	óskráð
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir	19.01.2022	04.02.2022	12	óskráð
Andrés Ingi Jónsson	15.12.2021	21.12.2021	4	0,5
Andrés Ingi Jónsson	09.12.2021	02.02.2022	38	3

153. löggjafarþing

Fyrirspyrjandi	Fyrirspurn móttækin	Svar sent Alþingi	Dagafjöldi	Vinnu- stundir
Bergþór Ólason	09.06.2023	23.06.2023	10	15
Andrés Ingi Jónsson	02.06.2023	22.06.2023	15	0,5
Bryndís Haraldsdóttir	16.05.2023	22.06.2023	25	1
Indriði Ingi Stefánsson	16.05.2023	05.06.2023	12	1

Fyrirspyrjandi	Fyrirspurn móttækin	Svar sent Alþingi	Dagafjöldi	Vinnu- stundir
Diljá Mist Einarsdóttir	11.05.2023	28.06.2023	32	2
Andrés Ingi Jónsson	09.05.2023	28.06.2023	34	3
Bergþór Ólason	27.04.2023	16.06.2023	33	7
Bryndís Haraldsdóttir	26.04.2023	28.06.2023	42	0,5
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir	12.04.2023	08.05.2023	16	2
Hildur Sverrisdóttir	30.03.2023	04.05.2023	20	3
Andrés Ingi Jónsson	29.03.2023	24.04.2023	14	10
Lilja Rannveig Sigurðardóttir	29.03.2023	05.05.2023	22	0,5
Andrés Ingi Jónsson	14.03.2023	05.04.2023	16	3
Andrés Ingi Jónsson	09.03.2023	29.03.2023	14	35
Ásmundur Friðriksson	22.02.2023	20.03.2023	20	2
Andrés Ingi Jónsson	06.02.2023	21.02.2023	11	1
Inga Sæland	02.02.2023	23.02.2023	15	8
Helga Vala Helgadóttir	26.01.2023	17.02.2023	14	1
Diljá Mist Einarsdóttir	12.12.2022	15.12.2022	3	0,5
René Biasone	07.12.2022	19.01.2023	30	3
Helga Vala Helgadóttir	30.11.2022	18.01.2023	34	3
Björn Leví Gunnarsson	22.11.2022	11.01.2023	35	25
Högni Elfar Gylfason	17.11.2022	02.12.2022	11	6
Andrés Ingi Jónsson	18.10.2022	25.11.2022	18	2
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir	05.10.2022	16.12.2022	52	óskráð
Andrés Ingi Jónsson	30.09.2022	16.11.2022	33	16
Björn Leví Gunnarsson	30.09.2022	25.11.2022	40	19

Alls fóru fimm vinnustundir í að taka svar þetta saman.